

## 7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. júlí 1982.*

**F. h. r.  
Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

27. maí 1982.

Nr. 431.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Kirkjusjóð Mjóafjarðarkirkju, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. maí 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjusjóð Mjóafjarðarkirkju.

## 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 14. maí 1982 af Hermanni Vilhjálmsyni frá Brekku í Mjóafirði, Suður-Múlasýslu, til heiðurs Hermanni Jónssyni í Firði, d. 1837, niðjum hans og Mjófirðingum.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50.000,00 — fimmtíu þúsund krónur —. Stofnfé skal haldast óskert. Tekjur sjóðsins eru minningargjafir, áheit og aðrar gjafir, er honum kunna að berast, svo og vextir af höfuðstól hans. Gjafafé skal leggja við stofnfé. Fé sjóðsins og aðrar eignir skal ávaxta á þann hátt, sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja kirkjuhald að Brekku í Mjóafirði í Mjóafjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu. Skal verja tekjum sjóðsins til að viðhalda og vernda, bæta og fegra kirkjuna og kirkjugarðinn, eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma, að svo miklu leyti sem annað fé kirkjunnar hrekkur ekki til.

## 4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og er hann formaður sjóðsstjórnar. Aðrir stjórnarmenn skulu vera sóknarprestur Mjóafjarðarkirkju og formaður safnaðarstjórnar Brekkusóknar. Reikningar skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum sýslureiknings Suður-Múlasýslu. Afrit reikninganna skal afhendast biskupi og geymast við embætti hans. Þeir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

## 5. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst óumflýjanlegt vegna breyttra aðstæðna. Skal sjóðsstjórnin hafa um það samráð við biskup þann veg, sem best samrýmist stofnun sjóðsins og tilgangi.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 432.

28. maí 1982.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Vikings, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. maí 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Vikings.

Vegna fráfalls sonar okkar Jóns Gunnlaugs Sigurðssonar, sem lést af slysförum hinn 18. mars 1982, stofnum við undirrituð sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá:

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Vikings.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 20 000,00 — krónur tuttugubúsund — er haldast skal óskert.

Sjóðinn skal ávaxta í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs eða á annan jafn tryggan hátt, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé og gjafafé sem sjóðnum kann að áskotnast.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst að stuðla að því að Knattspyrnufélagið Víkingur eignist eigið íþróttahús fyrir starfsemi sína.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skal einn þeirra tilnefndur af okkur undirrituðum eða afkomendum okkar, en hinir tveir skulu vera formaður Knattspyrnufélagsins Vikings og formaður handknattleiksdeildar félagsins á hverjum tíma. Stjórnarmenn kjósa formann stjórnarinnar til eins árs í senn.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir lögum samkvæmt og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 7. gr.

Sjóðsstjórn getur, með samþykki allra stjórnarmanna, ákveðið að úthluta öllu fé sjóðsins þrátt fyrir ákvæði 2. gr.